



## 113. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 10. febrúar, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Atvinnumál.
2. Samband Ísl. Sveitarfélaga, Staðardagskrá 21.
3. Félag matartækna.
4. Fundargerð SSNV.
5. Starfsmannamál.
6. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Atvinnumál.

*Rætt um sjávarútvegsmál á Blönduósi. Bæjarstjóri greindi frá fundi í sjávarútvegsráðuneyti vegna viðræðna um forsendur úthlutunar byggðakvóta.*

*Rætt um fyrirhugað íbúáþing um atvinnumál. Stefnt að því að þingið verði haldið 2. mars nk. Bæjarstjóra falið að undirbúa fundinn.*

#### 2. Samband Ísl. sveitarfélaga, Staðardagskrá 21.

*Í bréfi sambandsins er minnt á að í lok árs rennur út samningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins um aðstoð við gerð Staðardagskrár 21. Eru sveitarfélög landsins hvött til að nýta árið vel í þágu sjálfbærrar þróunar.*

#### 3. Félag matartækna.

*Þrjú aðilar úr Félagi matartækna sækja um styrk til að sækja fagsýninguna Tema05 í Bella Center í Kaupmannahöfn.*

*Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.*

#### 4. Fundargerð SSNV.

*Fundargerðin er frá 2. febrúar sl. og er lögð fram til kynningar.*

#### 5. Starfsmannamál.

*a. Rætt almennt um starfsmannamál og þátttöku starfsmanna í sí- og endurmenntun.*

#### 6. Önnur mál voru engin.

***Fundargerð upplesin og samþykkt.***

***Fundi slitið kl. 18:40.***

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Hjördís Blöndal (sign.)*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*